

hin ákærðu eigi andmælt því, að upphæð þessi sé rétt. Verður því hinn ólöglegi hagnaður, að upphæð kr. 22.599,10, gerður upptækur til ríkissjóðs, og ber hinum ákærðu fyrir hönd fyrirtækisins Þórðar Sveinssonar & Co. h/f að greiða in solidum þennan ágóða ásamt 6% ársvöxtum frá 30. apríl 1958 til greiðsludags.

Ákærðu ber að dæma til að greiða in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 2.500,00.

Dómsorð:

Refsing ákærðu, Björns Ólafssonar, Guðmundar Konráðs Elíssonar og Ástu Pétursdóttur, er niður felld.

Stjórn Þórðar Sveinssonar & Co. h/f greiði in solidum f. h. félagsins kr. 22.599,10 í ríkissjóð ásamt 6% ársvöxtum frá 30. apríl 1958 til greiðsludags.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, að upphæð kr. 2.500,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. október 1959.

Nr. 182/1959. **Valdstjórnin**

gegn

Guðvarði Skagfjörð Sigurðssyni.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Kærumál. Ákvörðun héraðsdóms ómerkt.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. þ. m., er hingað barst 17. þ. m., hefur varnaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt 4. tölulið 172. gr. laga nr. 27/1951 ákvörðun Þórðar Björnssonar, fulltrúa sakadómara í Reykjavík, er tekin var í sakadómi Reykja-

vikur 14. þ. m., en með ákvörðun þessari er varnaraðilja synjað um, að Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður sé skipaður réttargæzlumaður hans í sambandi við opinbera réttarrannsókn á hendur honum.

Í hinni kærðu dómsákvörðun er sakarefni með öllu óreif- að, og verður því sakir formgalla þessa að ómerkja hana, enda þótt hún sé rétt að efni til.

Í erindi, sem Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður hefur sent Hæstarétti í sambandi við kærúmál þetta, eru móðgandi ummæli um héraðsdómarann, og ber að víta þau. En um ummæli sama málflutningsmanns um héraðsdóm- arann í tveimur erindum til dómsmálaráðuneytisins, sem dómarinn lagði fram í héraði, verður ekki dæmt í kær- umáli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Ákvörðun sakadóms Reykjavíkur 14. okt. 1959.

Dómarinn lýsir yfir því, að hann samþykkir, að kærða, Guð- varði Skagfjörð Sigurðssyni, verði skipaður réttargæzlumaður í málinu.

Á hinn bóginn telur dómarinn, að afskipti Guðlaugs Einars- sonar hdl. af málinu sem kæranda séu slík, að þau geti ekki sam- rýmzt því, að hann verði einnig skipaður réttargæzlumaður kærða í málinu, enda mundi slík skipun brjóta í bág við 85. gr. laga nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála. Synjar dómarinn því beiðni kærða um að fá Guðlaug Einarsson sem réttargæzlumann sinn.
